

Tillaga
Afgreiðsla

A 1951/UHN
Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um Norðurlönd sem leiðandi um vindorku á hafi

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

- að einfalda opinbert ferli fyrir vindorkuver á hafi án þess að slakað verði á kröfum;
- að beita sér fyrir samstarfi æðri menntastofnana um nýtingu vindorku á hafi og;
- að efla samstarf raforkufyrirtækja ríkjanna um samþætt norrænt raforkunet.

Þá leggur norræna sjálfbærninefndin til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að

- að safna saman góðum starfsvenjum á Norðurlöndum við undirbúning á nýtingu vindorku á hafi;
- að efla samstarf milli Norðurlandanna og nágrannalanda þeirra um gagnasöfnun og mat á áhrifum hennar á líffræðilega fjölbreytni;
- að efla norrænt samstarf á sviði hafskipulags, þar á meðal að tryggja að áhugi á uppbyggingu vindorku á hafi og tillit til líffræðilegrar fjölbreytni fari saman.

Bakgrunnur

Brýnt er að hætta notkun jarðefnaeldsneytis í áföngum með tilliti til loftslags- og öryggismála en einnig efnahagsmála. Gefa þarf verulega í við uppbyggingu endurnýjanlegrar orku ef Norðurlöndunum á að takast að ná settum markmiðum í loftslagsmálum.

Vindorka á hafi, hvort sem um er að ræða botnföst eða fljótandi vindorkuver, í norrænu sjávarumhverfi hafa vakið mikinn áhuga að undanfögnu með það fyrir augum að koma til móts við þörf á aukinni hlutdeild endurnýjanlegrar orkuþróunar og hefur ýmsum verkefnum verið hrint í framkvæmd. Ýmsar alþjóðlegar stofnanir, til að mynda ESB, hafa sett fram stefnuáætlanir og markmið um framleiðsluhætti sem stærri orkufyrirtæki hafa sýnt töluverðan áhuga. Það er á grundvelli þessa sem orkumálaráðherrar landanna



Ítrekuðu í The Marienberg Declaration 2022 mikilvægi þess að nýta vindorku á hafi á Norðurlöndum.

Þau stóru verkefni sem ráðgerð eru ryðja nýjar brautir á sinn hátt með því að fjalla um ný lagaleg álitamál, skattamál, tækniáskoranir, umhverfisránnsóknir, hönnun útboðsferla og vinna að sátt við almenning. Þetta kallar á nýjar aðferðir og verklagsreglur við leyfisveitingar og í samstarfi yfirvalda ef Norðurlönd eiga ekki að heltast úr lestinni í orkuskiptum. Miðla þarf þeirri hæfni sem yfirvöld landanna hafa byggt upp til yfirvalda hinna Norðurlandanna sem hafa svipuð mál á sinni könnu. Þetta á ekki síst við um umhverfisáskoranir sem ná yfir landamæri og orkuverkefni kunna að hafa í för með sér. Þá þarf að efla samstarf æðri menntastofnana um rannsóknir, þróun og nýsköpun. Einnig er mikilvægt að styðja við vinnu að því að skapa sátt við almenning sem ræður úrslitum um hvort græn umskipti geta orðið að veruleika.

Ef lagðir verða nýir rafstrengir á milli landa í nýjum orkuverkefnum er einnig mikilvægt að raforkuflutningsfyrirtæki landanna skipuleggi saman þær framkvæmdir til að koma í veg fyrir að flöskuhálsar myndist. Samstarfsfletirnir eru margir.

Ráðgerð uppbygging vindorku á hafi mun fela í sér aukið álag á umhverfisverðmæti og sanngjarna samkeppni við aðra nýtingu hafsins, svo sem fiskveiðar, siglingar, hernaðarumsvif, fiskeldi og ferðaþjónustu. Til þess að ná settum markmiðum í orkumálum en jafnframt taka tillit til sjóeldis og náttúru þarf að finna góðar leiðir til sáttar og samlyndis til þess að lágmarka deilur og hámarka samlegðaráhrif. Áriðandi er að geta horfið frá stjórnun hveffrar starfsemi á hafi út af fyrir sig í átt að víðfeðmri og samþættri nálgun til að tryggja sjálfbærar lausnir.

Auk milliríkjasamstarfs væri gagnlegt að Norræna ráðherranefndin sem stofnun mæti til leiks enn öflugri en fyrr. Brýnt er að sú reynsla og þekking sem skapast hefur í samstarfi landanna nái út til fjölmennari hóps. Með því að finna leiðir til að safna saman og miðla „bestu starfsvenjum“ er atvinnulífínu gefið merki um að Norðurlönd vilji verða leiðandi afl við nýtingu vindorku á hafi innan ramma vistkerfanna.

Tillaga þessi er ætluð menntastofnunum og rannsóknauhverfi, einnig stefnumarkandi samstarfi raforkuflutningafyrirtækja landanna um norrænt raforkukerfi, og því var ákveðið í fyrstu umræðu nefndarinnar um þingmannatillöguna að senda hana til umsagnar í norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni og norrænu velferðarnefndinni.

Sjónarmið nefndarinnar

Þingmannatillagan fékk góðar undirtektir í nefndinni sem tók einnig eftir því að Norrænar orkurannsóknir hefðu gefið út skýrslur sem voru mikilvægar fyrir tillöguna. Þetta voru skýrslan „Accommodating biodiversity in Nordic offshore wind projects“ sem fjallar um umhverfisáskoranir þvert á landamæri vegna orkuverkefna. Í skýrslunni er



bent á helstu áskoranir við þá nýtingu vindorku sem Norðurlöndin ráðgera. Þar á meðal skortir gögn um áhrif verkefna á líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi, hagsmunir rekast á og aðkoma hagsmunaaðila er margslungið ferli. Í tillögum skýrslunnar kemur meðal annars fram að Norðurlöndum væri hagur í að vinna saman að þekkingargagnagrunnum um áhrifin á líffræðilega fjölbreytni og samstarfi um endurheimt og endurbætur vistkerfa. Auk þess væri Norðurlöndum hagur í að hefja samstarf um hafskipulag og kanna hvernig hægt væri að miðla reynslu af því að fá hagsmunaaðila að borðinu.

Önnur skýrsla sem nefndin vísar til er „Coexistence and nature inclusive design in Nordic offshore wind farms“ en þar er tekið fram að helstu áskoranir við uppbyggingu á vindorku séu deilur um landnýtingu, verklag við leyfisveitingar og verndun náttúrunnar. Í skýrslunni er meðal annars mælt með því þessir þættir fylgist að enda ráði það úrslitum um hvort tekst að leysa orkukreppuna en einnig náttúrukreppuna. Í skýrslunni er minnst á alþjóðlegt samstarfsnet sem á meðal annars að greiða fyrir samstarfi og þróun norrænna hafna í Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Markmiðið er að búa norrænar hafnir undir útpenslu vindorkuiðnaðar á hafi með öflugri grænum innviðum og nýjum virðiskeðjum þvert á þróunaraðila, framleiðendur og undirverktaka á sviði vindorku á hafi. Þá er áformað að þróa norrænt bandalag um hafvindorku sem verði ráðgjafarnefnd fyrir hafnir og fulltrúa iðnaðarins í virðiskeðjunni.

Nefndin fjallaði um tillögur skýrslunnar og var sammála um að leggja áherslu á mikilvægi sáttar í nefndarálitinu, bæta við tilvísun í fljótandi og botnföst vindorkuver og fella inn tillögur um að koma á norrænu samstarfi um gagnagrunna um áhrifin á líffræðilega fjölbreytni og efla norrænt samstarf um hafskipulag. Þá óskaði flokkahópur miðjumanna eftir því að bætt yrði við tillögu um að efla norrænt samstarf um endurheimt og endurbætur á vistkerfum en sú tillaga hlaut ekki undirtektir í flokkahópum jafnaðarmanna og hægrimanna.

Í umsögn norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar kemur fram að nefndin styðji tillöguliðinn um að stuðla að samstarfi æðri menntastofnana um nýtingu vindorku á hafi. Nefndin óskaði einnig eftir því að í tillögunni yrði kveðið skýrar á um að sátt við almenning réði úrslitum um að græn umskipti yrðu veruleika. Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin ákvað að styðja þingmannatillögu flokkahóps miðjumanna um Norðurlönd sem leiðandi afl fyrir vindorku á hafi. Fulltrúar Fremskrittspartiet lýstu sig þó andvíga tillögunni.

Ósló, 31. október 2023

Doris J. Jensen (S)
Johan Andersson (S)
Malte Larsen (S)

Heikki Autto (saml)
Lene Westgaard-Halle (H)
Teitur Björn Einarsson (Sj.)



Tove Elise Madland (A)

Åsa Karlsson (S)

Ola Elvestuen (V)

Helena Gellerman (L)

Krista Mikkonen (gröna)

Rebecka Le Moine (MP)

Liljan Weihe (T)

Mariane Paviasen (IA)

Marianne Bigum (SF)

Staffan Eklöf (SD)

Angelika Bengtsson (SD)

Marius Arion Nilsen (FrP)